

# Ástundunarreglur

Í Oddeyrarskóla eru fjarvistir og óstundvísi skráðar í Mentor og þar safnast upp stig sem segja til um ástundun nemandans. Umsjónarkennari upplýsir nemanda /foreldra vikulega með því að senda ástundun til foreldra í gegnum mentor.is. Ef nemandi/foreldri gera ekki strax athugasemdir við ástundunarfærsluna skoðast hún samþykkt.

- Fyrir að koma of seint í kennslustund fær nemandi 1 stig.
- Fyrir fjarvist úr kennslustund fær nemandi 2 stig.
- Fyrir brottrekstur úr kennslustund fær nemandi 3 stig.

Ef nemandi er kominn með **10 stig** ræðir umsjónarkennari við nemandann og sendir upplýsingar um skólasókn til foreldra/ forráðamanna.

Ef nemandi er kominn með **20 stig** ræðir kennarinn aftur við nemandann, leitar orsaka fyrir vandanum og leitar lausna með honum. Haft er samband við foreldra.

Ef nemandi er kominn með **30 stig** eru foreldrar boðaðir á fund með umsjónarkennara og stjórnanda þar sem er leitað að leiðum til úrbóta.

Ef nemandi fer yfir **40 stig** er málinu vísað til nemendaverndarráðs skóla sem m.a. getur óskað eftir aðstoð fræðslu- og velferðarsviðs. Fagfólk þessara sviða vinnur áfram með málið í samstarfi við skóla. Málastjóri skipaður úr röðum félags- eða skólaþjónustu.

Fari nemandi yfir **60 stig** tekur barnavernd við málinu.

Nemandi í Oddeyrarskóla getur, með samþykki foreldra, sótt um að fá fjarvistarstig afskrifuð gegn því að mæta óaðfinnanlega.

## Um veikindi eða fjarvistir sem ekki eiga sér augljósar skýringar (læknisvottorð eða aðrar upplýsingar sem fyrir liggja)

- Umsjónarkennari / skólahjúkrunarfræðingur kallar eftir læknisvottorði fari veikindi fram yfir 10 daga samfellt.
- Umsjónarkennari vísar máli nemenda til nemendaverndarráðs fari veikindin yfir 15 daga á önn. Þar er metið til hvaða aðgerða skuli grípa og niðurstaðan skráð. Ef nemandi hefur sögu um veikindi í hverri viku skal fundað með

forráðamönnum, umsjónarkennara og stjórnanda og farið yfir stöðuna og næstu skref ákveðin.

- Haldi ítrekuð veikindi áfram og viðunandi skýringar fást ekki skal nemendaverndarráð taka ákvörðun um hvort málinu verði vísað áfram til HSN og/eða tilkynnt til barnaverndar.

### **Leyfi nemanda í lengri tíma s.s. vegna æfinga eða ferðalaga**

Umsókn um lengri leyfi nemanda þarf að vera skriflegt og samþykkt af skólastjóra. Taka þarf fram ábyrgð foreldra á námi barnsins og að þeir tryggi að nemandinn haldi námsáætlun skóla.